

## Ársuppgjör Nýherja hf. 2009

### Helstu niðurstöður fyrir árið 2009

- Heildartekjur Nýherja samstæðunnar voru 14.332 mkr á árinu og drögust saman um 4% frá fyrra ári.
- Jákvæð afkoma af vörusölu innanlands, en tap af hugbúnaðarstarfsemi, tæknipjónustu og ráðgjöf.
- Verulegur halli á rekstri dótturfélaga í Danmörku í fjórða ársfjórðungi.
- EBITDA ársins var neikvæð um 62 mkr, en afkoma batnaði innanlands á síðari árshelmingi. Heildartap ársins nam 686 mkr
- Nýherji á í harðri og vaxandi samkeppni við endurreist fyrirtæki í eigu banka.
- Viðskiptavild er færð niður um 322 mkr á grundvelli niðurstöðu virðisrýrnunarprófa dótturfélaga
- Ráðist hefur verið í víðtækjar hagræðingaraðgerðir, m.a. hefur starfsmönnum á Íslandi fækkað um nær eitt hundrað á árinu.
- Unnið er með viðskiptabönkum félagsins að endurskipulagningu skulda jafnhliða útgáfu á nýju hlutafé og verður á aðalfundi lögð fram tillaga um að auka megi hlutafé um allt að 120 mkr að nafnvirði.

### Þórður Sverrisson, forstjóri:

„Rekstur Nýherja hf. var afar erfiður á árinu 2009 og tap á rekstri. Aðstæður á íslenskum markaði einkenndust af miklum samdrætti í eftirspurn vegna minni fjárfestinga fyrirtækja í tæknibúnaði og uppsetningu hugbúnaðarkerfa. Á upplýsingataknimarkaði hafa þessar aðstæður leitt til þrenginga en tugir milljarða króna hafa verið afskrifaðir af skuldum helstu keppinauta félagsins og fyrirtækjum endurreist í eigu ríkisbanka. Þessar aðgerðir raska samkeppnisaðstæðum og afkomu annarra fyrirtækja á upplýsingataknimarkaði. Nýherji hefur mætt þessum efnahagserfiðleikunum með því að sjá á annað hundrað starfsmanna sinna frá hruni bankanna. Í janúar á þessu ári hefur reynst nauðsynlegt að grípa til frekari hagræðingaraðgerða til að mæta þeim óeðlilegu aðstæðum sem eru á innlendum markaði.

Þó að óvissa sé mikil í efnahagslífinu eru jákvæð teikn um viðunandi rekstur á árinu 2010 þar sem horfur eru á að samningar náist um ýmis stærri verkefni hjá fyrirtækjum samstæðunnar hérlendis og erlendis. Til þess að tryggja fjárhagsstöðu félagsins er nú unnið með viðskiptabönkum að því að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu og samningum um langtíma fjármögnun í samræmi við þær aðgerðaáætlunar sem bankarnir hafa boðað gagnvart fyrirtækjum, ásamt aukningu á hlutafé Nýherja. Gert er ráð fyrir að því ferli verði lokið í öðrum ársfjórðungi“.

# Ársuppgjör Nýherja hf. fyrir árið 2009



## Rekstrarniðurstaða ársins 2009

### Árið 2009 – Lykiltölur Upphæðir í þús ISK

	12 mánuðir 2009	12 mánuðir 2008
Seldar vörur og þjónusta	14.332.361	14.912.611
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(6.355.377)	(6.820.197)
Vergur hagnaður	<b>7.976.984</b>	<b>8.092.414</b>
Laun og launatengd gjöld	(6.080.445)	(5.952.442)
Rekstrarkostnaður	(2.567.722)	(2.104.498)
(Rekstrartap) - hagnaður (EBIT)	<b>(657.001)</b>	<b>58.730</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(667.302)	(1.480.169)
Tap fyrir tekjuskatt	<b>(1.324.303)</b>	<b>(1.421.439)</b>
Tekjuskattur	(36.949)	220.427
Tap tímabilsins	<b>(1.361.252)</b>	<b>(1.201.012)</b>
EBITDA	(62.207)	309.067
EBITDA hlutfall	(0,4%)	2.1%
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	675.355	429.527
Heildartap	(685.897)	(771.485)
Meðalfjöldi stöðugilda	641	719

Sala á vöru og þjónustu nam 14.332 mkr fyrir árið 2009, samanborið við 14.913 mkr árið 2008. Sala hefur því dregist saman um 4% á milli ára. Tekjur starfseminnar á Íslandi námu 9.847 mkr, en 4.485 mkr hjá erlendum dótturfélögum.

Laun og launatengd gjöld námu 6.080 mkr en voru 5.952 mkr árið á undan. Vegna gengisbreytinga hafa laun erlendra starfsmanna hækkað um 28% í íslenskum krónum árið 2009 miðað við 2008, eða um 600 mkr. Meðalfjöldi stöðugilda árið 2009 var 641 en var 719 árið 2008. Rekstrarkostnaður án afskrifta var 1.973 mkr, en var 1.854 mkr árið á undan. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA – var neikvæður um 62 mkr á tímabilinu en var jákvæður um 309 mkr árið áður.

Hrein fjármagnsgjöld voru 667 mkr í samanburði við 1.480 mkr árið 2008. Tap ársins 2009 var 1.361 mkr en tap á árinu 2008 nam 1.201 mkr. Heildartap nam 686 mkr, en heildartap fyrir árið 2008 nam 771 mkr.

### Efnahagsreikningur 31.12 2009 – Lykiltölur Upphæðir í þús ISK

	31.12. 2009	31.12. 2008
Fastafjármunir	6.173.554	5.816.974
Veltufjármunir	3.421.368	4.313.033
Eignir samtals	<b>9.594.922</b>	<b>10.130.007</b>
Eigið fé	1 263 981	1.963.966
Langtímaskuldir	1.526.221	2.669.106
Skammtímaskuldir	6.804.720	5.496.935
Eigið fé og skuldir samtals	<b>9.594.922</b>	<b>10.130.007</b>

Heildareignir í lok tímabilsins voru 9.595 mkr samanborið við 10.130 mkr í lok ársins 2008. Langtímaskuldir hafa lækkað frá árslokum úr 2.669 mkr í 1.526 mkr. Skammtímaskuldir hafa hækkað frá árslokum úr 5.497 mkr í 6.805 mkr. Vaxtaberandi skuldir í árslok námu 5.537 mkr, en voru í ársþyrjun 5.012 mkr. Félagið hefur unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu með viðskiptabönkum sínum, þar sem gert er ráð fyrir að hlutafé félagsins verði aukið og lánstími vaxtaberandi skulda lengdur. Eigið fé í lok desember 2009 var 1.264 mkr og er eiginfjárhlfall nú 13,2% en var 19,4% um síðstu áramót.

## Rekstrarniðurstaða á fjórða ársfjórðungi 2009

Fjórðungsyfirlit – Lyktölur	F4 2009	F3 2009	F2 2009	F1 2009	Upphæðir í þús ISK
<b>Seldar vörur og þjónusta</b>	3.993.511	3.301.404	3.479.234	3.558.212	3.993.762
<b>Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu</b>	(2.012.073)	(1.369.377)	(1.457.235)	(1.516.692)	(1.779.720)
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>1.981.438</b>	<b>1.932.027</b>	<b>2.021.999</b>	<b>2.041.520</b>	<b>2.214.042</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	(1.559.492)	(1.356.518)	(1.601.522)	(1.562.913)	(1.607.849)
<b>Rekstrarkostnaður</b>	(741.244)	(526.670)	(768.794)	(531.014)	(789.037)
<b>(Rekstrartap) hagnaður - EBIT</b>	<b>(3 16.285)</b>	<b>52.080</b>	<b>(342.101)</b>	<b>(50.695)</b>	<b>(174.562)</b>
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b>	(163.383)	(171.361)	(256.739)	(75.819)	(421.875)
<b>Tap tímabilsins fyrir tekjuskatt</b>	<b>(479.668)</b>	<b>(119.281)</b>	<b>(598.840)</b>	<b>(126.514)</b>	<b>(596.437)</b>
<b>Tekjuskattur</b>	32.766	(1.700)	(84.431)	16.416	89.577
<b>Tap tímabilsins</b>	<b>(446.902)</b>	<b>(120.981)</b>	<b>(683.271)</b>	<b>(110.098)</b>	<b>(506.860)</b>
<b>EBITDA</b>	(52.851)	107.374	(108.903)	(7.827)	(84.260)
<b>EBITDA hlutfall</b>	(1,32)	3,3%	(3,13%)	(0,22%)	(2,1%)
<b>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé</b>	(61.059)	14.068	771.134	(48.788)	233.963
<b>(Heildartap) - hagnaður</b>	<b>(507.961)</b>	<b>(106.913)</b>	<b>87.863</b>	<b>(158.886)</b>	<b>(272.897)</b>
<b>Meðalfjöldi stöðugilda</b>	607	631	649	676	690

Sala á voru og þjónustu nam 3.993 mkr á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 3.994 mkr á sama tímabili árið 2008. Tekjur eru þær sömu síðustu ársfjórðunga beggja ára.

Laun og launatengd gjöld námu 1.559 mkr en voru 1.608 mkr fyrir sama tímabil 2008. Heildarfjöldi stöðugilda í lok tímabilsins var 607 en var 690 fyrir sama tímabil í fyrra.

Rekstrarkostnaður var 741 mkr á fjórða ársfjórðungi en var 789 mkr á sama tíma á árinu 2008. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA - var neikvæður um 53 mkr á tímabilinu en var neikvæð um 84 mkr á sama tímabili fyrir árið 2008.

Hrein fjármagnsgjöld voru 163 mkr í samanburði við 421 mkr á fjórða ársfjórðungi 2008. Heildartap í fjórðungnum nam 507 mkr en heildartap á fjórða ársfjórðungi í fyrra nam 273 mkr.

### Yfirlit yfir rekstur

Efnahagsaðstæður og rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi voru einkar erfiðar á árinu 2009 og ber rekstrarrafkoma Nýherjasamstæðunnar þess glöggt merki. Vörusala dróst saman um tugi prósentu hvort sem reiknað er í magni eða erlendri mynt og samhliða því minnkuðu verkefni tæknimanna og sérfraðinga við uppsetningu á tæknibúnaði og innleiðingu á tengdum hugbúnaði. Þá hefur fjárfesting fyrirtækja í nýjum hugbúnaðarleyfum og uppsetningu hugbúnaðarkerfa verið í lágmarki og því verulegur samdráttur í verkefnum og vinnu ráðgjafa og sérfraðinga á því svíði. Þessum aðstæðum var mætt með því að allir starfsmenn tóku á sig 10% lækkun launa í upphafi ársins, en einnig hefur starfsmönnum hjá Nýherja og dótturfélögum hér lendis fækkað um nær eitt hundrað. Í árslok 2009 voru stöðugildi 602, samanborið við 697 í ársþyrjun 2009, en voru 710 fyrir hrun bankanna í september 2008.

Í lok ársins ákvað stjórn félagsins að hætta þjónustu á svíði viðskiptaráðgjafar og selur Nýherji því nú í janúar starfsemi ráðgjafafyrirtækisins ParX ehf. til PricewaterhouseCoopers hf., þar sem fyrrum ráðgjafar ParX ehf. starfa nú.

Á miðju ári 2008 var ákveðið í tengslum við breytingu á heildarskipulagi samstæðunnar að flytja meginhluta starfseimi og starfsmanna Nýherja í nýtt skrifstofuhúsnæði TM Software hf. í Kópavogi. Vegna mikillar fækkunar starfsmanna á liðnu ári er nú unnið að því að flytja starfsemina aftur í eigið húsnæði félagsins í Borgartúni 37 og verður þeim flutningum lokið í fyrsta ársfjórðungi og næst með því sparnaður og hagræði í rekstri.

Rekstur Nýherja og einstakra dótturfélaga hefur verið misjafn á árinu og hefur afkoma að nokkru ráðist af aðstöðu einstakra eininga til að draga hratt úr kostnaði til að mæta samdrætti á markaðnum. Samdráttur í vörusölu og þjónustu er talsvert umfram áætlanir félagsins, einkum á síðari hluta ársins, en þá hafði félagið gert ráð fyrir að meira líf myndi færast í fjárfestingar í íslensku efnahagslífi svo sem hagræðingu með beitingu upplýsingataækni, en af því hefur ekki orðið.

Hjá Nýherja hf. móðurfélagi er vörusala í íslenskum krónum nærrí áætlun ársins og afkoma jákvæð. Einkum var sala á IBM netþjónum og hugbúnaði góð, auk sölu á IBM diskalausnum og ýmiss konar rekstrarvöru. Eftirspurn eftir prentbúnaði og símalausnum var undir væntingum. Þá var sala hjá Sense ehf., sem sérhæfir sig í hljóð- og myndlausnum yfir áætlun og góður hagnaður af þeim rekstri. Veruleg aukning var í sölu á myndavélum og öðrum tæknibúnaði fyrir einstaklinga. Þá var nýbygging Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni tekin í notkun með fullkomnum tæknilausnum frá Sense.

Erfiðar markaðsaðstæður einkenna starfsumhverfi tækni- og rekstrarþjónustufyrirtækisins Skyggnis ehf., en félagið var rekið með halla á síðari helming ársins. Fastar samningstekjur félagsins hækkuðu á milli ára en mikill samdráttur varð í sölu útseldrar þjónustu enda er hún mjög háð fjárfestingum fyrirtækja og stofnana í nýjum tæknibúnaði. Í ljósi þess hefur framkvæmdastjórn félagsins gripið til umfangsmikilla hagræðingaraðgerða til að treysta rekstur þess.

Áhrif efnahagssamdráttarins hefur leitt til færri verkefna í hugbúnaðargerð á Íslandi á árinu. TM Software ehf., sem sérhæfir sig í veflausnum, sampættingarlausnum, viðskiptagreind og CRM lausnum, hefur þurft að laga rekstur félagsins að breyttu viðskiptaumhverfi með lækkun kostnaðar og nýjum tekjum með því að sækja verkefni erlendis. Tap var á rekstri TM Software á árinu en hægur bati í afkomu félagsins á síðari hluta ársins gefur von um að þau tækifæri sem skapast hafa geti skilað betri afkomu á næstu ársfjórðungum. EMR ehf., sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum á heilbrigðissviði, skilaði ágætri afkomu samkvæmt áætlun. Félagið hefur einkum unnið verkefni fyrir hið opinbera, svo sem við þróun rafræns sjúkraskrárkerfis og innleiðingu á rafrænum sendingum innan heilbrigðiskerfisins. Verkefnastaðan hjá EMR er góð og horfur ágætar fyrir fyrri árshelming 2010.

Applicon ehf., leggur áherslu á ráðgjöf, þjónustu og þróun viðskiptalausna. Stórt hluti þjónustutekna félagsins hafði komið frá íslenskum banka- og fjármálafyrirtækjum, en gjörbreytt staða haustið 2008 kallaði á breytingar hjá félagini sem fólust í lækkun á rekstrarkostnaði og öflun nýrra tekna með ráðgjafaverkefnum erlendis. Rekstur félagsins er nú kominn í jafnvægi og horfur jákvæðar. Umsvif Vigor ehf., sem einnig býður viðskiptalausnir og sérhæfðan hugbúnað, drögust saman á síðari hluta ársins, einkum vegna versnandi rekstrarðstæðna hjá stærstu viðskiptavinum félagsins.

Töluberðar þrengingar hafa verið í dönsku viðskiptaumhverfi, sem hafa meðal annars birst í almennum samdrætti hjá fyrirtækjum. Sá samdráttur sem varð á árinu 2009 hafði umtalsverð áhrif á starfsemi Dansupport A/S, Applicon A/S og Applicon Solutions A/S. Dansupport hefur unnið að því að styrkja stöðu sína með nýjum leiðum í sölu- og markaðsstarfi og hagræðingaraðgerðum. Rekstur Applicon A/S var á áætlun fram að fjórða ársfjórðungi, en verulegt tap var í þeim fjórðungi vegna skyndilegrar frestunar viðskiptavina á stórum verkefnum. Verkefnahorfur fyrir fyrri árshelming 2010 eru viðunandi varðandi ráðgjöf hjá nokkrum af stærri fyrirtækjum og stofnunum Danmerkur. Afkoma Applicon í Svíþjóð er í samræmi við áætlanir. Innri vöxtur var 40% og 15 nýir starfsmenn tóku til starfa á árinu vegna nýrra verkefna. Applicon í Svíþjóð hefur lagt áherslu á hugbúnaðarlausnir fyrir fjármálamarkaðinn, en meðal samninga á árinu 2009 voru verkefni fyrir Swedbank og Nordea um innleiðingu á sérhæfðum fjármálahugbúnaði. Horfur í Svíþjóð eru ágætar og búist er við áframhaldandi vexti.

## Rekstrarumhverfi

Óvissan um efnahagsþróun innanlands, dráttur á almennum ráðstöfunum gagnvart atvinnufyrirtækjum og skortur á framtíðarsýn um úrlausn ýmissa stærri þjóðfélagsmála valda því að ekki hefur enn myndast eðlilegt rekstrarumhverfi né viðspryna hjá fyrirtækjum. Við þessar aðstæður er mjög mikilvægt að stjórnámamenn leggist á eitt um að leysa mikilvæg úrlausnarefni. Meðan óvissa ríkir í stærstu málum halda innlendir og erlendir fjárfestar að sér höndum og á meðan lamast atvinnulífið hægt og hljótt.

Vegna mikils samdráttar í eftirspurn sem orðið hefur við þessar aðstæður hafa fjölmörg fyrirtæki komist í þrot. Lögmál markaðarins um samdrátt í framboði á þjónustu hafa hins vegar ekki fengið að ganga eftir vegna innngripa ríkisbanka, sem hafa innleyst til sín gjaldþrota fyrirtæki í mörgum atvinnugreinum m.a. nokkra keppinauta Nýherjasamstæðunnar. Slík fyrirtæki sem hafa verið endurreist fá að halda uppi harðri samkeppni á markaðnum í skjóli fjármagns banka. Því er fagnaðarefni að Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur nú gripið inn í þessa þróun og binda starfsmenn Nýherja vonir við að eðlilegri samkeppnisaðstæður verði skapaðar á ný.

Skattahækkanir á fyrirtæki og starfsmenn eru mjög íþyngjandi. Starfsmenn hafa tekið á sig launalaekkanir og dregið hefur úr vinnu. Hækkan tryggingagjalds um 62% á árinu er byrði fyrir rekstur þekkingarfyrirtækja eins og Nýherjasamstæðuna sem hefur á að skipa hundruðum sérfræðinga og ráðgjafa. Laun eru langstærsti kostnaðarliðurinn. Hækkinin á tryggingagjaldinu býðir á annað hundrað milljónir króna í kostnaðarhækkun árlega fyrir samstæðuna, sem þrengir enn að fyrirtækinu og starfsmönnum þess við núverandi markaðsaðstæður.

Í ljósi stöðunnar er brýnt að samstaða fari að myndast um framsæknari efnahagsstefnu og hvernig hagað verði endurreisn atvinnulífs, þannig að betra svigrúm skapist til að nýta þau tækifæri sem bjóðast.

## Horfur

Stjórnendur Nýherja hafa ráðist í viðtækar hagræðingaraðgerðir á öllum sviðum rekstrarins. Fyrirtækið hefur þurft að gripa til sársaukafullra aðgerða til þess að mæta miklum samdrætti í eftirspurn. Þær hafa þó ekki dugað til að réttá af reksturinn, m.a. vegna þess að óvissuástand í efnahagslífini hefur varað mun lengur en búast mátti við og samkeppnisaðstæður hafa verið skekktar með fyrirtækjarekstri banka.

Nýherji hefur sterkan tekjugrunn og starfsmenn hans búa yfir áratuga reynslu. Besta leiðin út úr efnahagsþrengingunum er að fjárfesta í búnaði sem eykur afköst og skilvirkni. Í nútímaþjóðfélagi er upplýsingatæknin ein af grunnstoðum samfélagsins. Því eru horfur Nýherja til lengri tíma lítið góðar.

Í samvinnu við viðskiptabanka félagsins er nú unnið að endurskipulagningu á lánum til félagsins í tengslum við hlutafjáruakningu. Stefnt er að því að eftir þær aðgerðir verði eiginfjárlutfall félagsins milli 30 og 40%.

Áætlanir Nýherja gera ráð fyrir að samstæðan skili viðunandi afkomu á árinu 2010, en afkoma Nýherja fyrirtækja á Íslandi mun þó að nokkru ráðast af því að skriður komist á atvinnulíf á Íslandi, gengi krónunnar veikist ekki og að rekstur banka og fjármálastarfsemi færist í eðlilegt horf. Spá um betri efnahagsþróun í Danmörku og Svíþjóð gefur vonir um að rekstur Applicon félaganna þar skili svipaðri arðsemi og á árunum fyrir 2009.

## Fjárhagsdagatal fyrir 2010:

Áætluð birting árshlutauppgjörs fyrir árið 2010

28. apríl	Ársfjórðungsuppgjör
23. júlí	Hálfssársuppgjör
22. október	Niu mánaða uppgjör
28. janúar 2011	Ársuppgjör

## Samþykkt árshlutareiknings

Ársuppgjör fyrir árið 2009 var samþykkt á stjórnarfundi Nýherja hf. 29. janúar 2010. Fullbúinn endurskoðaður ársreikningur með skýringum verður birtur 5. febrúar. Ársuppgjör Nýherja hf. er gert í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Þýðingarmunur erlendra dótturfélaga er nú tilgreindur í yfirliti um heildarafkomu árshlutareiknings í samræmi við ákvæði alþjóðlega staðalsins. Aðalfundur Nýherja hf. verður haldinn föstudaginn 19. febrúar kl. 16:00 í Borgartúni 37.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, í síma +354 893 3630.

## Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og börfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagbjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Félög Nýherja samstæðunnar í rekstri eru 19 bæði hér heima og erlendis og er heildarfjöldi stöðugilda 602. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í OMX Kauphöll Íslands.

Stjórn Nýherja: Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson og Guðmundur Jóh. Jónsson, varamaður er Jafet S. Ólafsson. Þórður Sverrisson er forstjóri Nýherja.